

almenns eðlis til að geta reynzt gott hvar sem er. Hvað það er verðum vér að hafa gert oss vandlega grein fyrir, því annars er hætt við að tilraunirnar verði of mjög út í bláinn. Væri hætt að tala um íslenzkt þjóðernisviðhald hér en meira talað um þjóðararfsviðhald, þá mundi ótrúin, sem sumir menn virðast hafa á öllu íslenzku hverfa, og framkvæmdir hinna, sem mikla trú hafa á því, mundu verða ávaxtaríkari.

G.Á.

KÖLLUN

Eftir niðurröðum kyrkjuársins í fornri tíð er einn hátíðisdagurinn nefndur "allra heilagra messa"

Allra heilagra messa er minningardagur allra þeirra er fundu köllun, og helguðu æfi sína og fórnfærðu lífi fyrir þá köllun. Og það er sá maklegasti og bezt sæmandi hátíðisdagur er Katólskan hefir enn uppfundið. Því það er ekkert sem eins er minningarvert og ætti að vera verndað frá gleymsku einsog drengilega lifað líf, manndómsfull verk, ósérhlífin og óeigingjörn æfi.

Þó nöfnin gleymist, og þau hljóta að gleymast í þúsunda og tugi þúsunda tali, þá ætti það þó ekki að gleymast að lifað hafa menn og konur líkt sett og flest alt fólk er, átt í baráttu fyrir lífi sínu, oft jafnvel liðið skort, þurft að temja sér þrek og sterkan vilja til móttöðu við margan meðfæddan veikleika, gegn ótal tilhneigingum, en komist þó brautina á enda sigri hrósandi, lifað guðdómlegu lífi, flutt vonir mannkynsins um að betri tíð væri fyrir höndum áfram gegnum öll erfiðustu tíma-mótin.

Því það hafa verið tímamót, einsog enn virðast stundum vera ár að því, þegar öll von mannlegrar vellíðunar og siðmenn-